

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 miðvikudaginn 24. janúar 2024, Strandgötu 31, Akureyri

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sara Sigmundsdóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Ármann Örn Gunnlaugsson boðaði forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson.

Formaður fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1 Staða Flugklasa

Hjalti og Arnheiður fóru yfir stöðuna.

- Búið er að undirrita samning við MVF um fjármagn til Flugklasans fyrir árið 2024. Samningurinn hljóðar upp á 20 milljóna króna framlag eins og síðustu ár.
- Einnig er búið að undirrita samning um framlag til Nature Direct verkefnisins til næstu tveggja ára. Samningurinn hljóðar upp á 15 milljóna króna framlag á ári eins og fyrri samningur sem gerður er við Íslandsstofu.
- Fjármagn frá sveitarfélögum:
 - Eftirfarandi sveitarfélög hafa samþykkt stuðning fyrir árið 2024 (sum lengur): Skagabyggð, Skagafjörður, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit og Norðurþing. Samtals fjármögnun er komin í 13 milljónir (var 14,2 milljónir árið 2023)
- Langtíma- og skammtíamarkmið
 - Hjalti kynnti yfirlit um markmið Flugklasans fyrr og nú, og sýn fyrir framhaldið. Fyrirhugað að kynna þetta yfirlit fyrir sveitarfélögum.
- Staða flugsins:
 - easyJet flugið gengur vel, búið að tilkynna að flugið verður aftur næsta vetur. MN stóð fyrir sendiráðsboði í London í samstarfi við Íslandsstofu og easyJet. Viðburðurinn var vel sóttur af breskum ferðaskrifstofum og blaðamönnum og tókst vel.
 - Kynntar voru 8 nýjar vörur á Norður- og Austurlandi fyrir 11 ferðaskrifstofum í Ferðaþjónustuvíkunni í Reykjavík þann 17. janúar. Vörurnar eru afrakstur af vöruþróunarverkefninu Straumhvörfum, sem snerist um vöruþróun m.t.t. aukins millilandaflugs.
 - Hjalti tók þátt í Summer Event – viðburði sem Voigt Travel hélt 20. janúar í Hollandi til þess að kynna fyrir sína áfangastaði fyrir væntum viðskiptavinum. Mikill áhugi var á Íslandsferðum á komandi sumri. Hjalti heimsótti í kjölfarið skrifstofu VT og hélt þar m.a. kynningu á Norðurlandi fyrir nýtt starfsfólk í söluteymi VT.
 - Svissneska ferðaskrifstofan Kontiki er að undibúa sitt fyrsta tímabil í leiguflugi nú í vetur beint frá Zurich. Framundan er fundur með starfsmönnum Kontiki sem munu verða staðsettir á Norðurlandi á meðan á fluginu stendur.
 - Flugfélagið Edelweiss verður með áætluðan flug frá Zurich næsta sumar eins og síðasta sumar, hafa þó bætt við og munu fljúga vikulega í 11 vikur sumarið 2024. Framundan er vinna með Edelweiss til að styðja við það flug.
 - Icelandair hefur tjáð MN að félagið muni að öllum líkindum ekki halda áfram að bjóða upp á tengiflug milli KEF og AEY.

2 Starfsáætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsáætlun ársins og var hún samþykkt.

3 Fjármál

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu samninga MN varðandi fjármögnun og fór yfir rekstraráætlun ársins. Áfangastaðastofusamningar hafa ekki verið fullkláraðir en eru langt komnir. Samið verður til eins árs vegna mögulegra breytingar í framhaldi af nýrri aðgerðaáætlun ferðaþjónustunnar.

Samningar við Íslandsstofu eru í uppnámi vegna tilkynningar Íslandsstofu um lækkun framlags. Samtal stendur yfir um samstarfið við áfangastaðastofur.

Rekstraráætlun kynnt og samþykkt.

4 Önnur mál

Framkvæmdastjóri lagði til að halda aðalfund MN 16. maí n.k. í stað 15. maí sem áður hafði verið stefnt að. *Stjórn samþykkir að halda aðalfund 16. maí.*

Framkvæmdastjóri lagði til að stjórnarfundir MN yrðu framvegis haldnir á föstudögum. *Samþykkt af stjórn.*

Stjórn var sammála um mikilvægi þess að MN héldi áfram sínu góða starfi og að öll töluðu einni röddu fyrir allt Norðurland. Jafnframt að beint flug væri gríðarlega mikilvægt fyrir áframhaldandi þróun landshlutans – bæði fyrir ferðaþjónustu og fyrir aukin lífsgæði íbúa og tækifæri til framfara.

Að lokum bar formaður starfsfólki MN þakkir stjórnar fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:15

Fundarritari HPP og AJ